

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/1839****2025/EES/10/23****frá 3. júlí 2024****um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846 með því að fella brott
Schinopsis lorentzii (Griseb.) Engl. sem gjafa fóðuraukefnisins öxarbrjótsútdráttar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Efnið öxarbrjótsútdráttur úr *Schinopsis balansae* Engl. eða *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. voru leyfð sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2846 ⁽²⁾ til 10 ára.
- 2) Hins vegar var efnið öxarbrjótsútdráttur úr *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. ranglega fært í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846 þótt það hafi ekki verið með í umsókninni um leyfi.
- 3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846 til samræmis við það. Fyrir skýrleika sakir þykir rétt að skipta út viðaukanum við þá framkvæmdarreglugerð í heild sinni.
- 4) Til að koma í veg að fóðuraukefnið öxarbrjótsútdráttur úr *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. sé sett á markað, sem gæti komið til vegna villunnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.
- 5) Til að viðhalda lögmætum væntingum stjórnenda fóðurfyrirtækja vegna leyfis, fyrir mistök, fyrir fóðuraukefninu öxarbrjótsútdrætti úr *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. ætti að veita stutt umbreytingartímabil til að gera þessum stjórnendum kleift að laga sig að leiðréttingunni sem er innleidd með þessari reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846 er leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2846 frá 20. desember 2023 um leyfi fyrir öxarbrjótsútdrætti úr *Schinopsis balansae* Engl. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir“.

- 2) Í stað viðaukans kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1839, 4.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2846 frá 20. desember 2023 um leyfi fyrir öxarbrjótsútdrætti úr *Schinopsis balansae* Engl. eða *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 2023/2846, 21.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2846/oj).

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Fóðuraukefnið oxarbrjótsútdráttur úr *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. og forblöndur, fôðurblöndur og fôðurefni sem innihalda það og eru framleidd og merkt fyrir 5. ágúst 2024 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 5. júlí 2024 má áfram setja á markað og nota til 5. janúar 2025.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður- aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b2972-ex	Öxarbriðsútráttur	<i>Samsetning aukefnis</i>	Eldiskalkúnar	-	-	540	1. Aukefnið skal notað í föður í 10. janúar 2034 formi forblöndu.	Leyfi rennur út
		Viðarútráttur úr <i>Schinopsis balansae</i> Engl.	Eldiskjúklingar og aukategundir alifugla til eldis	-	-	400	2. Í notunarléiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.	
		Fast form	Allar tegundir alifugla sem eru aldar til varps eða til undaneldis	-	-	600	3. Blöndun öxarbriðsútráttar við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að magn þetta tannínsýra í föðurefnum og föðurböndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarksagni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra.	
		<i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i>	Spenagrisir, spenagrisir aukategunda svína og aukategundir svína til eldis	-	-	720	4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur föðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni.	
		Útráttur úr þéttum tannínsýrum úr öxarbriði	Eldissvín	-	-	860		
		Útráttur sem er fenginn úr viði af <i>Schinopsis balansae</i> Engl. með gufu undir þrýstingi, frekari síun, þykkingu og úðapurrkun þykktu lausnarinnar eins og skilgreint er af Evrópuráðinu (1)	Gyltur	-	-	1 050		
		Nákvæm skilgreining	Eldiskálfar (staðgöngumjól)	-	-	1 680		
		Þéttar tannínsýrur: 70–87%	Jórturdýr til eldis, að undanskildu sauðfé og geitum Hestar	-	-	1 580		
		FEMA-númer: 2972	Sauðfé, geitur	-	-	1 580		
		<i>Greiningaraðferð</i> (2)	Mjólkurkúr og aukategundir jörturdýra til mjólkurframleiðslu, að undanskildum mjólkurám og -geitum.	-	-	1 030		
		Til að magnávarða þéttar tannínsýrur (plöntuefnafræðilegt merkiefni) í föðuraufefninu: óbein þyngdarmæling sútnarefna með því að fæsta ídræg efnasambönd í létt krómunnu dufti úr húðum – ISO 14088	Kanínur	-	-	630		
			Laxfiskar og aukategundir fiska	-	-	1 810		
			Skrautfiskar	-	-	3 000		
			Hundar	-	-	1 900		
			Skrautfuglar	-	-	317		
			Ketir	-	-	317		

			Aðrar dýrategundir og -flokkar	-	-	317	Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvör, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	
--	--	--	--------------------------------	---	---	-----	--	--

(¹) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007)

(²) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirlitandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/euri/feed-additives/evaluation-reports>